



Borgarráð

Viljayfirlýsing til Leigufélags aldraðra

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum er óskað eftir því að borgarráð samþykki viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Leigufélags aldraðra hses. fyrir allt að 70 íbúðum á tveimur lóðum. Áætluð úthlutun þeirra lóða er á árunum 2026 til 2027.

Samhliða er veitt lóðarvilyrði fyrir allt að 50 íbúðum við Leirtjörn vestur. Alls er gerð viljayfirlýsing og vilyrði fyrir allt að 120 íbúðum.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt: Óundirrituð viljayfirlýsing.

Viljayfirlýsing

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum gera Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, Ráðhúsi Reykjavíkur og kt. 540918-0820, Nönnubrunni 1, 113 Reykjavík, með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á næstu árum:

1. Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja til að úthluta lóðum með byggingarrétti fyrir búseturéttar – eða leiguíbúðir á vegum Leigufélags aldraðra fyrir allt að 70 íbúðum.
 - a. Gufunes: Áætluð úthlutun árið 2026 fyrir allt að 30 íbúðum.
 - b. Ártúnshöfði: Áætluð úthlutun árið 2027 fyrir allt að 40 íbúðum.
2. Samhliða veitir Reykjavíkurborg vilyrði fyrir allt að 50 íbúðum í Leirtjörn vestur. Áætluð úthlutun þeirra er á árunum 2024-2025.
3. Leigufélag aldraðra lýsir yfir vilja til að taka þátt í samstarfi um uppbyggingu hagkvæms húsnæðis á nýjum þróunarreitum í borginni.
4. Hönnun íbúðarhúsnæðis verði í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreyttar húsagerðir, blöndun íbúðargerða innan hverfa og aukið framboð smærri íbúða, fyrir alla félagshópa.
5. Verð byggingarréttar fer eftir nánara samkomulagi. Greidd verða gatanagerðargjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar hverju sinni.
6. Félagsbústaðir hf. hafa kauprétt á kostnaðarverði á allt að 5% íbúða sem byggðar verða og getið er um í 1. tölulið þessarar viljayfirlýsingar.
7. Nánari skilmálar lóðanna munu koma fram í úthlutunarbréfi og skipulagsgögnum.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við Umverfis- og skipulagssvið er falið að framfylgja þessari viljayfirlýsingu.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt á fundi borgarráðs __. apríl 2022

https://reykjavik.is/sites/default/files/husnaedisaaetlun/Myndir/2019/husnaedisaaetlun_reykjavikur_borgar_nov_2019.pdf

Reykjavík, __. apríl 2022

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Leigufélags aldraðra hses.